

Tónheyrn F4

Tónheyrn F4 er lokaáfanginn í tónheyrn til framhaldsprófs. Að honum loknum er ætlast til þess að nemendur hafi náð þeim markmiðum sem aðalnámskrá tónlistarskólanna setur fram varðandi tónheyrnarnám í framhaldsstigi og að nemendur séu tilbúnir að takast á við tónheyrnarnám á háskólastigi.


Námsefni:

The Folk Song Sight Singing Series bækur 6-7

Rhythmic Training eftir Robert Starer

Elementary Training for Musicians eftir Paul Hindemith

Manuel Pratique eftir Georges Dandelot



Bækurnar fást í Vaski.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónheyrn F4.

Nótnalestur

Nemandi

- hafi gott vald á nótnalestri, jafnt í G-lykli sem F-lykli.
- hafi kynnst nótnalestri í tveimur C-lyklum, þ.e. alt- og tenórlykli.

Hrynur

Nemandi

- geti flutt undirbúin hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með lengdargildum og samsvarandi þögnum allt að sextándupörtum sem og með tríólum, synkópum, einföldum punkteringum og yfirbindingum.
- geti flutt óundirbúin hryndæmi, léttari en hin undirbúnu í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með sextándapartsnótum og sextándapartspögnum, tríólum, synkópum, einföldum punkteringum, yfirbindingum og þögnum.
- geti farið með tveggja radda hrynfingar.
- geti skrifað niður eftir heyrn hryndæmi með synkópum, tríólum, yfirbindingum og þögnum.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- geti sungið alla dúr- og molltónstiga á söngheitum og nótnanöfnum upp og niður frá sérhverjum tóni.
- geti stokkið viðstöðulaust á milli allra tóna dúr- eða molltónstiga.
- geti sungið undirbúnar laglínur í öllum dúr- og molltóntegundum á nótnanöfnum og söngheitum, án undirleiks.
- geti sungið óundirbúnar laglínur, léttari en hinar undirbúnu, með öllum tónbilastökkum innan áttundar, með eða án söngheita, án undirleiks.
- geti sungið stuttar undirbúnar laglínur utan tóntegundar (atónal) með stökkum innan fimmundar, án undirleiks.
- geti skrifað niður eftir heyrn einradda laglínur í dúr og moll með stöku tóni utan tóntegundar.
- geti skrifað niður eftir heyrn tónaraðir utan tóntegundar (atónal) með stökkum ekki stærri en sexund.
- geti skrifað niður eftir heyrn stuttar laglínur utan tóntegundar (atónal) með stökkum ekki stærri en sexund.
- geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar tveggja radda laglínur.

Tónbil

Nemandi

- geti sungið öll tónbil innan áttundar upp og niður frá gefnum tóni.
- geti greint eftir heyrn öll tónbil innan tveggja áttunda sem leikin eru upp eða niður frá gefnum tóni eða í samhljómi.

Hljómar

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirfarandi þríhljómsgerða: dúr, moll, minnkaður og stækkaður.
- geti greint eftir heyrn hljómhvörf stakra dúr- og mollþríhljóma.
- geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar hljómaraðir innan tóntegundar, bæði í dúr og moll, í öllum hljómhvörfum án sjöundar.

Taktsláttur

Nemandi

- hafi gott vald á taktslætti í tví-, þrí-, fjór-, fimm-, sex- og sjöskiptum takti og geti beitt honum við lestur laglína og hryndæma, jafnt undirbúið sem óundirbúið.